

Mál nr. 58/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 14. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X í álveri Y 17. maí 2023, en X vann sem undirverktaki hjá Y. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlits, móttækin 18. maí 2023, segir m.a. eftirfarandi um slysið: „Starfsmenn voru að tappa raflausn í fyrsta pott þegar það kemur gassprenging út úr deiglunni. Starfsmaður stendur fyrir framan litla lokið og heldur í lokið á meðan það kemur þrýstingur á deigluna. Litla lokið flaug 2 m frá bílnum. Bílstjóri var að fylgjast með tölvunni í bílnum þegar þetta gerðist og hann tekur eftir að starfsmaður er slasaður.“ Ekki er ágreiningur um að M varð fyrir líkamstjóni af völdum slyssins. Ágreiningurinn snýr að því hvort um skaðabótaskyld tjón hafi verið að ræða.

Í málskoti byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Er m.a. vísað í 13. 14., 21., 23., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum í því sambandi. Byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á þeim misbrestum sem M telur að leitt hafi til slyssins. Bendir M m.a. á að verklagi hafi verið breytt eftir slysið og forvarnir auknar. Þá hafi umrædd deigla verið tekin úr umferð eftir slysið. Telur M að verklagi fyrir slysið hafi verið ábótavant og/eða að slysið megi reka til ófullnægjandi þjálfunar.

Í athugasemdum V, til nefndarinnar, dags. 14. apríl 2025, kemur fram að félagið telur ekki að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Í því sambandi bendir V m.a. á að M hafi verið í 100% starfi hjá X við sömu eða hliðstæða vinnu síðan í september 2021. Þá hafi M þekkt vel til starfsins enda fengið þjálfun áður en hann hóf störf á svæðinu líkt og aðrir starfsmenn. Þessu til viðbótar bendir V á að það liggi fyrir gögn frá lögreglu og rótargreining (atvikaskýrsla) sem bendi til þess að líklega verði slysið rakið til þess að gleymst hafi að opna aftöppunarloka á loftkerfi raflausnarbilsins sem hafi gert vatni kleift að safnast fyrir og síðan þenjast út við snertingu við raflausn/málm, og valda sprengingunni. Bendir V á að upplýsingar um fyrirbyggjandi aðgerðir sé að finna í skýrslu Y og að ábyrgðarmaður yfir aðgerð þar að lútandi hafi ekki verið starfsmaður X. Þá er einnig bent á að bílstjóri beri ábyrgð á að það sé í lagi með búnað sem hann notar og sérstök forgangsöröðun sé fyrir öll farartæki hjá Y. Hvorki bílstjórinn né áður greindur ábyrgðarmaður hafi verið stafmenn X. Þá byggir V á því að skipulag á viðhaldi á deiglum hafi ekki verið á ábyrgð X heldur Y. V telur því að gögn málsins bendi eindregið til þess að X beri ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Í málinu virðist þó ekki vera á því byggt af hálfu M að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu með réttum hætti, en Vinnueftirlitið móttók tjónstilkynningu 18. maí 2023. Af gögnum málsins verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið atvikaðist. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem lúta að aðstæðum á slysstæð.

Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Nefndin telur, með vísan í það sem að framan greinir um atvik máls og aðstæður á vinnustað í málatilbúnaði aðila, að M hafi ekki tekist sú sönnun. Bendir nefndin á að af gögnum málsins verður því ekki séð að fyrir hendi sé saknæm háttsemi X eða starfsmanna félagsins. Því beri að hafna kröfum M í málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir